



Borgarráð

Hagasel 23 - lóðarvilyrði

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Félagsbústöðum hf., kt. 510497-2799, Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík, lóðarvilyrði fyrir um 1435 fermetra lóð að Hagaseli 23, með fyrirvara um samþykki á deiliskipulagi sem nú er í auglýsingaferli sem heimilar byggingu á um 600 fermetra íbúðarhúsi.

Lóðarvilyrði þetta gildir í 12 mánuði frá staðfestingu borgarráðs á lóðarvilyrði þessu.

Greinargerð:

Samkvæmt tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Hagasel 23, sem nú er í auglýsingaferli, er heimilt að byggja tveggja hæða íbúðarhús fyrr sérstakt búsetuúrræði velferðarsviðs og Félagsbústaða. Breytingin felur í sér að heimilt verður að byggja 8 íbúðir, þar af eina ætlaða þeim starfsmönnum sem þjónusta íbúana, og er ráðgert hámarksbyggingarmagn 600 fermetra.

Greiðslur fyrir byggingarrétt á lóðinni er 45.000 kr. á hvern fermetur, auk gatnagerðargjalds, nú 11.991 kr. pr. fermetur. Umrædd gjöld greiðast 45 dögum eftir samþykkt lóðarúthlutunar borgarráðs á lóðinni komi til hennar.

Óli Jón Hertervig